

Dreifing: Almennt
7. nóvember 2024

Frummál: Enska

Mannréttindanefnd

Lokaathugasemdir við sjöttu reglubundnu skýrslu Íslands*

1. Nefndin fjallaði um 6. reglubundnu skýrslu Íslands¹ á 4150. og 4151. fundi sínum, ² sem haldnir voru 15. og 16. október 2024. Hún samþykkti neðangreindar lokaathugasemdir sínar á 4175. fundi sínum, sem haldinn var 1. nóvember.

A. Inngangur

2. Nefndin fagnar því að lögð hefur verið fram sjötta reglubundin skýrsla Íslands og upplýsingunum sem þar eru settar fram. Hún lætur í ljós ánægju sína með tækifærið til að endurnýja uppbyggilegt samtal sitt við sendinefnd aðildarríkisins um þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið á skýrslutímabilinu til að koma ákvæðum samningsins í framkvæmd. Nefndin þakkar aðildarríkinu fyrir munnleg svör sendinefndarinnar meðan á samtalinu stóð og fyrir þær viðbótarupplýsingar sem lagðar voru fram skriflega.

B. Jákvæðir þættir

3. Nefndin fagnar þeim margvíslegu löggjafar-, stefnumörkunar- og stofnanalegu ráðstöfunum sem aðildarríkið kom í framkvæmd á skýrslutímabilinu með það fyrir augum að styrkja vernd mannréttinda samkvæmt samningnum, þ.m.t. en ekki einvörðungu:

(a) Samþykkt löggjafar, í júní 2024, um að koma á fót sjálfstæðri innlendra mannréttindastofnun með víðtækt umboð tengt mannréttindum í samræmi við meginreglurnar varðandi stöðu innlendra stofnana til eflingar og verndar mannréttindum (Parísarviðmiðin), sem hefja á starfsemi 1. janúar 2025,

(b) lögum nr. 79/2021 um breytingar á 227. gr. a. í almennu hegningarlögunum (nr. 19/1940) þar sem fleiri afbrigði mansals eru gerð refsiverð, m.a. nauðungarhjúgaband og nauðungarvinna, og sálrænu og fjárhagslegu ofbeldi er bætt við ofbeldisfullar verknaðaraðferðir við mansal,

(c) lögum um fæðingar- og foreldraorlof (nr. 144/2020) sem lengja fæðingarorlof í 12 mánuði,

(d) lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna (nr. 150/2020) sem banna beina og óbeina mismunun, sem og fjölþætta mismunun, koma á fót jafnlaunavottunarkerfi og gera opinberum aðilum að safna og greina kyngreind tölfræðigögn,

* Samþykkt á 142. fundi nefndarinnar (14. október – 7. nóvember 2024).

¹ CCPR/C/ISL/6.

² Sjá CCPR/C/SR.4150 og CCPR/C/SR.4151.

(e) lögum um stjórnýslu jafnréttismála (nr. 151/2020) sem skýra og útvíkka eftirlitshlutverk og verkefni Jafnréttisstofu og kærunefndar jafnréttismála,

(f) breytingum á almennum hegningarlögum (nr. 19/1940) sem gera stafrænt kynferðisofbeldi refsivert samkvæmt 199. gr. a., auka vernd fyrir þolendur sálræns ofbeldis og auka vernd fyrir þolendur umsáturseineltis skv. 232. gr. a.,

(g) lögum um þungunarrof (nr. 43/2019) sem veita fullan sjálfsákvörðunarrétt að því er varðar þungunarrof fram að lokum 22. viku þungunar,

(h) breytingum á lögum um umboðsmann Alþingis frá árinu 2018 um að koma á fót innlendum eftirlitsaðila á skrifstofu umboðsmanns Alþingis innan ramma fullgildingar á valfrjálssu bókinni við samning Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu,

(i) lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018,

(j) reglugerð nr. 1030 frá 13. nóvember 2017 um vottun á jafnlaunakerfum fyrirtækja og stofnana þar sem mælt er fyrir um að fyrirtæki og stofnanir með fleiri en 25 starfsmenn afli sér vottunar á jafnlaunakerfi sínu og innleiðingu þess.

4. Nefndin fagnar fullgildingum eða aðild aðildarríkisins að eftirfarandi alþjóðasamningum:

(a) Valfrjálssri bókun við samninginn gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri og vanvirðandi meðferð eða refsingu árið 2019,

(b) samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks árið 2016.

C. Megináhyggjuefni og tilmæli

Ákvæði stjórnskipunarreglna og laga

5. Með vísan til fyrri lokaathugasemda 3 sinna lýsir nefndin yfir áframhaldandi áhyggjum af því að enn er ekki búið að taka samninginn upp í landslög og því hafa innlendir dómstólar ekki beitt honum eða skírskotað til hans með beinum hætti. Þó að hún fagni því að aðildarríkið hefur afturkallað fyrirvara sína við 10. og 14. gr. sammingsins lýsir nefndin yfir áframhaldandi áhyggjum af því að það viðheldur enn fyrirvara sínum við 1. mgr. 20. gr. (2. og 20. gr.).

6. **Aðildarríkið ætti að íhuga að taka samninginn upp í landslög sín og endurmeta röksemdirnar fyrir fyrirvara sínum við 1. mgr. 20. gr. sammingsins með það fyrir augum að afturkalla hann.**

Ráðstafanir gegn spillingu

7. Nefndin lýsir ánægju sinni með þau skref sem aðildarríkið hefur tekið til að styrkja ramma sinn um baráttu gegn spillingu og fagnar ábendingu sendinefndarinnar um að í þróun sé innlend áætlun um baráttu gegn spillingu til að tryggja samræmingu hinna ýmsu hagsmunaaðila sem málið varðar. Þó að nefndin viðurkenni að Samherjamálið sé flókið, þ.m.t. vegna aðkomu erlendra dómsvalda, lýsir hún yfir áhyggjum af því að þeir sem bera ábyrgð á því hafa enn ekki verið látnir sæta ábyrgð þrátt fyrir að mörg ár séu liðin frá því að málið varð opinbert. Þó að nefndin fagni samþykkt laga nr. 40/2020 um vernd uppljóstrara lýsir hún yfir áhyggjum af því hvort framkvæmd þeirra sé skilvirk og harmar skort á upplýsingum um beitingu innri verkferla fyrir skýrslugjöf uppljóstrara sem opinberir aðilar og einkaaðilar hafa komið á fót samkvæmt nýju lögnum. Þó að nefndin fagni einnig samþykkt laga nr. 64/2020 um varnir gegn hagsmunaárekstrum í Stjórnarráði Íslands lýsir hún yfir áhyggjum af því að þær takmarkanir sem í henni felast varðandi ráðningu fyrrum háttsettra opinberra embættismanna til starfa í einkageiranum séu ekki nægjanlega víðtækar og langvarandi (2. og 25. gr.).

³ CCPR/C/ISL/CO/5, 4. mgr.

8. **Aðildarríkinu ber að:**

(a) **Úthluta nægjanlegum mannafla og fjármagni til að tryggja tafarlausa og ítarlega rannsókn á öllum meintum spillingarmálum, þ.m.t. flóknum málum sem varða lögsögu annarra landa,**

(b) **tryggja skilvirka framkvæmd laga nr. 40/2020 um vernd uppljóstrara, þ.m.t. með eftirliti með skilvirkni innri leiða til uppljóstrunar sem opinberir aðilar og einkaaðilar hafa komið á fót samkvæmt lögum,**

(c) **íhuga að víkka gildissvið og tímallengd takmarkana á ráðningu fyrrum háttsettra opinberra embættismanna til starfa í einkageiranum samkvæmt lögum nr. 64/2020 um varnir gegn hagsmunaárekstrum.**

Hatursorðræða

9. Nefndin fagnar breytingum á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, til að banna mismunun á grundvelli kynvitundar, þjóðernislegs uppruna og fötlunar og kveða á um þyngingu refsingar vegna hatursglæpa, sem og breytingunni frá 2013 á lögum um fjölmiðla til að heimila álagningu sekta vegna hatursorðræðu. Hins vegar harmar nefndin, með tilliti til frásagna af vaxandi tíðni hatursorðræðu, skort á upplýsingum um rannsóknir á og saksókn vegna hatursglæpa og um bætur til þolenda þeirra. Nefndin harmar að framkvæmdaáætluninni um að taka á hatursorðræðu, sem lögð var fyrir Alþingi árið 2023, skuli hafa verið hafnað (2., 20. og 26. gr.).

10. **Aðildarríkið ætti að halda áfram að beita sér fyrir því að takast á við hatursorðræðu, þ.m.t. með því að samþykkja ítarlega framkvæmdaáætlun og með því að tryggja skilvirka rannsókn á hatursglæpum og saksókn vegna þeirra, sem og að þolendum verði veittar viðunandi bætur.**

Ofbeldi gegn konum, þ.m.t. heimilisofbeldi og kynferðisofbeldi

11. Þrátt fyrir að nefndin fagni umfangsmiklum ráðstöfunum sem aðildarríkið hefur gert til að taka á kynbundnu ofbeldi gegn konum, þ.m.t. þjálfun fyrir viðeigandi hagsmunaaðila og vitundarvakningarherferðir, lýsir hún yfir áhyggjum af því að ofbeldi gegn konum, þ.m.t. heimilisofbeldi og kynferðisofbeldi, er enn útbreitt. Nefndin fagnar ýmsum löggjafarumbótum, þ.m.t. breytingum á almennum hegningarlögum frá 2016 til að gera ofbeldi í nánnum samböndum að sérstöku refsiverðu broti og að innleiða skilgreiningu á nauðgun sem byggir á samþykki árið 2018. Hins vegar harmar nefndin skort á upplýsingum um skilvirka framkvæmd laga, einkum með tilliti til verndarráðstafana, saksóknar og hlutfalls sakfellinga og bóta til þolenda (3., 6., 7. og 26. gr.).

12. **Aðildarríkið ætti að auka viðleitni til að tryggja að öll tilkynnt tilvik um kynbundið ofbeldi gegn konum, þ.m.t. kynferðis- og heimilisofbeldi, séu umsvifalaust rannsökuð á ítarlegan hátt, sótt til saka í þeim og að gerendur séu látnir svara til saka með refsingum sem eru í réttu hlutfalli við brotin. Það ætti einnig að tryggja að komið sé í framkvæmd viðeigandi verndarráðstöfunum fyrir þolendur og veita þeim skilvirkan aðgang að aðstoðarþjónustu og bótum.**

Börn með breytileika í kyneinkennum (intersex)

13. Þó að nefndin fagni samþykkt laga nr. 154/2020 um kynrænt sjálfræði (ódæmigerð kyneinkenni) þar sem mælt er fyrir um að óheimilt sé að framkvæma skurðaðgerðir á intersex börnum sem eru ófær um að veita samþykki sitt, nema aðgerðin sé algjörlega nauðsynleg af læknisfræðilegum ástæðum, lýsir hún yfir áhyggjum af frásögnum um að í lögum sé kveðið á um undanþágur frá þessari kröfu vegna tiltekinna breytileika á kyneinkennum og að intersex börn séu áfram látnin sæta ónauðsynlegum íhlutunum með skurðaðgerðum (2., 7. og 26. gr.).

14. **Aðildarríkið ætti að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að allar skurðaðgerðir á intersex börnum sem ekki geta veitt frjálst og upplýst samþykki séu bannaðar nema aðgerðin sé algerlega nauðsynleg af læknisfræðilegum ástæðum og að tekið hafi verið tilhlyðilegt tillit til þess sem er barninu fyrir bestu.**

Þetta ætti að ná til þess að íhuga að breyta lögum um kynrænt sjálfræði (óðæmigerð kyneinkenni) eins og þeim er breytt með lögum nr. 154/2020. Aðildarríkið ætti einnig að tryggja aðgang að skilvirkum úrræðum, þ.m.t. með því að tryggja að þolendur hafi aðgang að heilsufarsskrám sínum og að tímamörk í fyrningarreglum séu nægilega löng til að þolendur geti leitað eftir úrbótum vegna brota.

Bann við pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu

15. Nefndin vísar í síðustu tilmæli sín (8. mgr.) og veitir því athygli að sendinefndin fullyrðir að lagasetning sé yfirvofandi, en lýsir jafnframt yfir áframhaldandi áhyggjum af því að pyndingar hafa enn ekki verið fastsettar sem sérstakt refsivert brot í almennu hegningarlögunum. Nefndin veitir athygli upplýsingum frá sendinefndinni um samskiptareglur, þjálfun og eftirlit varðandi notkun opinberra löggæslumanna á rafvarnavopnum en harmar jafnframt skort á upplýsingum vegna frásagna um aukningu á notkun slíkra vopna, sem og á notkun piparúða og hrákavörnum (2. og 7. gr.).

16. Aðildarríkinu ber að:

(a) Fastsetja pyndingar sem sérstakt refsilagabrot sem varðar viðeigandi refsingar þar sem tekið er tillit til alvarleika þeirra og sem inniheldur skilgreiningu á pyndingum sem samræmist 7. gr. sammingsins og öðrum viðeigandi alþjóðlegum stöðlum,

(b) koma á fót skilvirkum verndarráðstöfunum og eftirlitstilhögunum í tengslum við notkun opinberra löggæslumanna á rafvarnavopnum og öðrum minna banvænum vopnum og tryggja að viðkomandi samskiptareglur séu endurskoðaðar og uppfærðar reglulega,

(c) tryggja að upplýsingum um verndarráðstafanir og eftirlitstilhaganir í tengslum við notkun opinberra löggæslumanna á rafvarnavopnum og öðrum minna banvænum vopnum sé dreift meðal almennings.

Hælisleitendur og bann við brottvísun einstaklinga þangað sem líf þeirra eða frelsi kann að vera í hættu

17. Nefndin veitir athygli þeim mikilvægu skrefum sem tekin hafa verið til að styrkja hæliskerfið og viðurkennir að vaxandi fjöldi fólks hefur óskað eftir hæli á Íslandi en lýsir jafnframt áhyggjum vegna frásagna af því að umtalsverður fjöldi umsókna um hæli hafi safnast upp og bíði meðferðar og af meintum annmörkum á gæðum lögfræðiaðstoðar fyrir hælisleitendur. Nefndin lýsir einnig yfir áhyggjum vegna breytinga á 33. gr. laga um útlendinga (nr. 80/2016) frá mars 2023 sem takmarka veitingu grunnaðstoðar við 30 daga frá endanlegri synjun umsóknar um alþjóðlega vernd og vegna meintrar vanrækslu þess að tryggja virðingu fyrir meginreglunni um að vísa fólki ekki aftur þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu, þ.m.t. brottflutningi hælisleitenda til landa sem þegar hafa gefið út fyrirmæli um brottvísun til þriðju landa þar sem rík ástæða er til að halda að viðkomandi eigi á hættu að sæta pyndingum, grimmilegri, ómannlegri eða niðurlægjandi meðferð eða refsingu og öðrum óbætanlegum skaða (6., 7., 9. og 13. gr.).

18. Aðildarríkinu ber að:

(a) Gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ljúka við meðferð umsókna um hæli sem sagt er að hafi safnast upp,

(b) tryggja að allir hælisleitendur hafi aðgang að skilvirkri lögfræðiaðstoð og áfrýjunarferli sem samræmist alþjóðlegum stöðlum, þ.m.t. með því að tryggja að áfrýjanir hafi áhrif til frestunar brottvísunar, fyrirmæla um að yfirgefa landið og framsalsmeðferðar,

(c) íhuga að endurskoða nýlegar breytingar á 33. gr. laga um útlendinga frá mars 2023 sem takmarka veitingu lágmarksaðstoðar við 30 daga eftir útgáfu endanlegrar ákvörðunar um synjun umsóknar um alþjóðlega vernd,

(d) tryggja að meginreglan um að vísa fólki ekki aftur þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu sé virt með því að sjá til þess að hælisleitendum og öðrum einstaklingum sem hafa þörf fyrir alþjóðlega vernd sé ekki vísað á brott, þeim gefin fyrirmæli um að yfirgefa landið eða þeir framseldir til lands þar sem rík ástæða er til að halda að viðkomandi eigi á hættu að verða fyrir óbætanlegum skaða, svo sem þeim sem fjallað er um í 6. og 7. gr. samningsins. Þetta felst meðal annars í því að tryggja að hælisleitendur séu ekki fluttir á brott til landa sem þegar hafa gefið út fyrirmæli um brottvísun til þriðju landa þar sem slík hætta er fyrir hendi.

Mansal

19. Nefndin lýsir ánægju sinni með þau skref sem aðildarríkið hefur tekið til að berjast gegn mansali, þ.m.t. breytingunni á almennu hegningarlögunum frá 2021 þar sem fleiri afbrigði mansals eru gerð refsiverð, þ.m.t. vinnumansal og nauðungarvinna. Hins vegar lýsir nefndin áhyggjum vegna frásagna um að farandlaunþegar, einkum í geirum á borð við byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, ferðaþjónustu og heimaþjónustu, séu berskjaldaðir fyrir vinnumansali og að konur og börn verði fyrir mansali til kynferðislegrar misneytingar. Nefndin harmar skort á tölfræðilegum upplýsingum um kvartanir, rannsóknir, saksókn og sakfellingar, sem og um fjölda þolenda og veitingu lagalegrar, lækisfræðilegrar og sálfræðilegrar aðstoðar, en það gerir það að verkum að ekki er hægt að gera upplýst mat á skilvirkni ráðstafananna sem hafa verið gerðar (3., 7. og 8. gr.).

20. **Aðildarríkinu ber að:**

(a) Tryggja að öll mansalsmál séu rannsökuð ítarlega, að gerendur, ef þeir hljóta dóm, fái refsingu í réttu hlutfalli við alvarleika brotanna og að þolendur hafi aðgang að skilvirkum úrræðum og aðstoð, þ.m.t. endurhæfingar- og enduraðlögunarþjónustu,

(b) auka framboð á þjálfun fyrir opinbera löggæslumenn, saksóknara og dómara um vinnumansal og um réttindi þolenda,

(c) styrkja eftirlitskerfi á vinnumarkaði til að auka forvarnir og greiningu á vinnumansali, þ.m.t. með auknu eftirliti með ráðningarstofum og vinnuveitendum sem ráða útsent starfsfólk,

(d) framkvæma herferðir til að auka vitund um hættuna sem fylgir vinnumansali og um réttindi þolenda mansals og farandlaunþega, þ.m.t. sérhannaðar herferðir sem beinast að farandlaunþegum og öðrum berskjölduðum hópum, s.s. hælisleitendum og erlendum nemum,

(e) tryggja kerfisbundna söfnun sundurliðaðra tölfræðilegra gagna um öll tilvik mansals.

Einangrun í gæsluvarðhaldi fram að réttarhöldum

21. Nefndin veitir því athygli að fáir grunaðir einstaklingar sæta gæsluvarðhaldi fram að réttarhöldum en lýsir jafnframt yfir áhyggjum af háu hlutfalli þeirra sem sæta einangrun, þ.m.t. til langs tíma. Enn fremur lýsir nefndin yfir áhyggjum af meintri óhlutfallslegri beitingu einangrunar gagnvart erlendum ríkisborgurum (2., 7., 14., 24. og 26. gr.).

22. Nefndin tekur undir tilmæli nefndarinnar gegn pyntingum (CAT/C/ISL/CO/4, 14. mgr.) og kallar eftir því að aðildarríkið:

(a) Tryggi að einangrunarvist sé einungis beitt í undantekningartilvikum og nýtt sem lokaúrræði, á sérstökum og einstaklingsbundnum grundvelli, aðeins þegar brýna nauðsyn ber til vegna hagsmuna við rannsókn sakamála og til þess að tryggja öryggi eða í þágu allsherjarreglu og í eins stuttan tíma og mögulegt er (aldrei lengur en 15 daga samfelt), og að beitt sé ítrustu verndarráðstöfunum sem samrýmast reglum 43 til 46 í stöðluðum lágmarksreglum Sameinuðu þjóðanna um meðferð fanga (Nelson Mandela-reglurnar), þ.m.t. aðgangur að verjanda sem hefur fulla getu til þess að verja skjólstaðing sinn gegn beitingu slíkra ráðstafana,

(b) virða bannið við einangrunarvist og svipuðum ráðstöfunum þegar um er að ræða ólöggráða einstaklinga og tryggja heilbrigðisskoðun og að viðunandi tillit sé tekið til heilbrigðis viðkomandi einstaklings svo öruggt sé að einangrunarvist sé bönnuð í tilviki einstaklinga með vitsmunalega, sálfélagslega eða líkamlega fötlun ef ástand þeirra yrði þungbærara vegna slíkra ráðstafana (sjá reglu 67 í reglum Sameinuðu þjóðanna til verndar ungmennum sem sætt hafa frelsissviptingu og 2. mgr. reglu 45 í Nelson Mandela-reglunum),

(c) tryggja að einangrun sé ekki beitt óhlutfallslega gagnvart erlendum ríkisborgurum,

(d) tryggja söfnun og birtingu sundurliðaðra tölfræðilegra gagna um öll tilvik einangrunarvistunar, þ.m.t. eftir þjóðerni og ástæðum fyrir beitingu hennar, til að auðveldara verði að skilja af hverju gripið var til þessarar ráðstöfunar og þýðingu hennar og til að undirbyggja bætt lagasetningu og stefnumótun í framtíðinni.

Samvisku- og trúfrelsi

23. Nefndin fagnar lögum nr. 6/2013 um breytingu á lögum um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög (nr. 108/1999) þar sem kveðið er á um að öll skráð trúfélög eða lífsskoðunarfélög fái úthlutað hluta af tekjuskatti með mánaðarlegu framlagi sem er í réttu hlutfalli við fjölda einstaklinga 16 ára og eldri sem eru skráðir hjá hverju félagi. Hins vegar lýsir nefndin yfir áhyggjum af því að skilgreiningar á viðmiðununum fyrir skráningu eru óskýrar og að börn eru skráð sjálfkrafa hjá því félagi þar sem foreldrar þeirra hafa skráð sig og fá ekki markvisst upplýsingar um rétt sinn til að skipta um félag eða velja að vera utan féлага þegar þau ná 16 ára aldri (18. gr.).

24. Aðildarríkinu ber að endurskoða og, ef nauðsyn krefur, breyta löggjöf sinni til að tryggja að viðmiðanir um skráningu trúfélaga eða lífsskoðunarfélaga séu skýrt skilgreindar. Því ber að sjá til þess að öll börn séu upplýst á markvissan hátt, áður en þau verða 16 ára, um rétt sinn til að breyta um félag eða velja að vera utan féлага þegar þau ná 16 ára aldri.

Nauðungarvistun á sjúkrastofnun og geðheilbrigðis meðferð gegn eigin vilja

25. Nefndin veitir því athygli að frumvarp til breytinga á lögum um réttindi sjúklinga (nr. 74/1997) er í lokameðferð fyrir samþykkt en lýsir jafnframt yfir áhyggjum af því að í lögum aðildarríkisins er enn ekki að finna ákvæði sem veita viðunandi vernd gegn nauðungarvistun á sjúkrastofnun og geðheilbrigðis meðferð gegn eigin vilja (2., 7., 9. og 26. gr.).

26. Aðildarríkið ætti að flýta samþykki frumvarps til breytinga á lögum um réttindi sjúklinga (nr. 74/1997) til að tryggja að þau veiti viðunandi verndarráðstafanir gegn nauðungarvistun á sjúkrastofnun og geðheilbrigðis meðferð gegn eigin vilja, þ.m.t. að sjúklingar hafi rétt til að áfrýja til dómsaðila ákvörðunum um beitingu þvingunar eða andmæla notkun hennar jafnvel þó að ekki liggi fyrir formleg ákvörðun.

Ofbeldi gegn börnum

27. Nefndin fagnar þeim skrefum sem aðildarríkið hefur tekið til að auka vitund um ofbeldi gegn börnum, þ.m.t. ofbeldi meðal barna, og lýsir ánægju sinni með ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að auka þjálfun fyrir fagfólk sem vinnur með börnum og til að styrkja samræmingu við veitingu þjónustu við börn sem orðið hafa fyrir ofbeldi. Nefndin lýsir yfir áhyggjum af frásögnum um að tilföng sem úthlutað hefur verið til þessarar þjónustu séu enn þá ófullnægjandi, einkum hvað varðar börn úr fjölskyldum á faraldsfæti og börnum sem búa í dreifbýli. Nefndin hvarfar skort á tölfræðilegum upplýsingum um útbreiðslu mismunandi birtingarmyndar ofbeldis gegn börnum, sem hindrar getu nefndarinnar til að meta áhrif hinna ýmsu ráðstafana sem gerðar hafa verið (2., 7. og 24. gr.).

28. Aðildarríkið ætti að íhuga að halda áfram viðleitni sinni til að taka á ofbeldi gegn börnum, þ.m.t. ofbeldi meðal barna. Það ætti að tryggja að nægjanlegum tilföngum sé veitt til barnaverndar og aðstoðarþjónustu, einkum fyrir börn úr fjölskyldum á faraldsfæti og börn sem búa í dreifbýli, og tryggja kerfisbundna söfnun sundurliðaðra gagna um útbreiðslu mismunandi birtingarmyndar ofbeldis gegn börnum.

Réttur til friðhelgi einkalífs

29. Nefndin lýsir yfir áhyggjum af því að nýlegar breytingar á lögreglugögunum (nr. 90/1996) veita lögreglunni víðtækt vald til að framkvæma eftirlit án viðunandi umsjár dómshyfirvalda. Nefndin lýsir yfir áhyggjum af því að í kjölfar breytinganna getur lögreglan verið með eftirlit á almannavettvangi í allt að fjóra mánuði á grundvelli gruns um tengsl við skipulagða brotastarfsemi eða tiltekin alvarleg afbrot gegn ríkinu, s.s. hryðjuverkastarfsemi (2., 17. og 26. gr.), án heimildar frá dómara.

30. **Aðildarríkinu ber að endurskoða nýlegar breytingar á lögreglugögunum, nr. 90/1996, til að tryggja að valdheimild lögreglu til að beita eftirliti sé í samræmi við ákvæði samningsins, þ.m.t. með því að tryggja að slíkt vald sé háð viðunandi heimild og umsjón dómstóla.**

Tjáningarfrelsi

31. Nefndin lýsir áhyggjur yfir frásögnum um að blaðamenn sem höfðu verið að rannsaka fyrirtæki sem grunur lék á að væri bendlað við spillingarmál kennt við Samherja hafi þurft að sæta langdreginni lögreglurannsókn í kjölfar ásakana gegn þeim af hálfu starfsmanns fyrirtækisins. Nefndin veitir því athygli að rannsókninni sem beindist að blaðamönnum lauk á endanum án ákæru, en lýsir yfir áhyggjum af þeim mögulega hrollvekjandi áhrifum sem þetta mál gæti haft á rannsóknarblaðamennsku á Íslandi. Nefndin lýsir einnig yfir áhyggjum af þeim fjölbreyttu, óljósti skilgreindu meiðyrðabrotum sem er að finna í almennu hegningarlögum og að meiðyrði skuli vera hegningarlagaabrot sem er refsivert með fangelsun. Hún lýsir einnig yfir áhyggjum af frásögnum um að menn sem hafa verið ásakaðir um heimilisofbeldi hafi notað meiðyrðaákvæði til að leggja fram gagnákæru gegn kærendum sínum (2. og 19. gr.).

32. **Aðildarríkinu ber að:**

(a) **Tryggja að rannsóknarblaðamenn geti sinnt störfum sínum án þess að óttast að þeir muni verða fyrir áreitni þar sem lögum er beitt gegn þeim og ófrægingarherferðum sem eru til þess gerðar að kúga þá eða hindra störf þeirra,**

(b) **tryggja að allar ásakanir um þvinganir með hótunum, áreitni og geðþóttaákvæðanir um hindranir gagnvart blaðamönnum og baráttufólki fyrir mannréttindum, þ.m.t. þeim sem vinna gegn spillingu eða fjalla um önnur málefni sem varða almannahagsmunum, séu rannsakaðar án tafar og á skilvirkan hátt, að gerendur séu sóttir til saka og, ef þeir eru fundnir sekir, þeim refsað með viðunandi viðurlögum og að þolendum séu veitt skilvirk úrræði,**

(c) **breyta 228. til 242. gr. almennra hegningarlaga til að tryggja að meiðyrðabrot séu skilgreind á hnitmiðaðan og skýran hátt þannig að þau skerði rétt einstaklinga til að leita eftir úrbótum í heimilisofbeldismálum,**

(d) **taka áþreifanleg skref til að afnema refsingar við meiðyrðum eða a.m.k. takmarka beitingu refsilaga við alvarlegustu meiðyrðamálin, með það í huga að fangelsun er aldrei viðeigandi refsing fyrir meiðyrði.**

D. Miðlun og eftirfylgni

33. **Aðildarríkinu ber að miðla samningnum, valkvæðu bókununum tveimur við hann, sjöttu reglubundnu skýrslunni um hann og þessum lokaathugasemdum, vött og breitt meðal dóms-, löggjafar- og stjórnvíslyfirvalda, borgaralegs samfélags og frjálsra félagasamtaka sem starfa í landinu, og til almennings, með það fyrir augum að auka vitund um þau réttindi sem í samningnum felast. Aðildarríkinu ber að tryggja að reglubundna skýrslan og þessar lokaathugasemdir séu þýdd yfir á opinbert tungumál aðildarríkisins.**

34. **Þess er krafist, í samræmi við 1. mgr. 75. reglu í verklagsreglum nefndarinnar, að aðildarríkið leggi fram upplýsingar um framkvæmd tilmæla nefndarinnar í 8. mgr. (ráðstafanir gegn spillingu), 20. mgr. (mansal) og 32. mgr. (tjáningarfrelsi) hér á undan, fyrir 8. nóvember 2027.**

35. Árið 2030 mun aðildarríkið, í samræmi við fyrirsjáanlega endurskoðunarlotu nefndarinnar, fá í hendur lista nefndarinnar yfir umfjöllunarefni áður en skýrslan er gefin út og ætlast er til þess að það leggi fram svör sín innan eins árs, og munu þau verða sjöunda reglubundin skýrsla þess. Nefndin fer þess einnig á leit við aðildarríkið að það hafi viðtækt samráð við borgaralegt samfélag og frjáls félagasamtök sem starfa í landinu við samantekt skýrslunnar. Í samræmi við ályktun Allsherjarpingsins 68/268 er orðatakmerkunin fyrir skýrsluna 21.200 orð. Næstu uppbyggilegu skoðanaskiptin við aðildarríkið munu fara fram í Genf árið 2032.
